

- 5
12. jan. til frystihúsa, mjólkurbúa o. fl., sem veitt er samkv. 4. gr. l. nr. 79 frá 19. júní 1933, og lögum um breyting á þeim lögum, nr. 91 frá 3. maí 1935, skal úr gildi felld fyrir árið 1940. Þó skal ríkissjóður greiða til ræktunarsjóðs 1% af jarðræktarbréfum þeim, sem eru í eigu annara en Búnaðarbanka Íslands.
19. Fresta skal framkvæmd 1.—6. gr. l. nr. 33 1. febr. 1936, um ferðaskrifstofu ríkisins, en gjald það, sem innheimt er samkvæmt 7. gr., skal renna í ríkissjóð. Heimilt er ríkisstjórninni að verja svipaðri fjárhæð úr ríkissjóði til að bæta aðbúð á gististöðum og auka hreinlæti á ferðamannaleiðum.
20. Framkvæmd laga nr. 31 9. jan. 1935, um eftirlit með opinberum rekstri, er frestað til ársloka 1940, og fellur þegar niður umboð ráða þeirra, sem um ræðir í lögum þessum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 12. janúar 1940.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jakob Möller.

6

AUGLÝSING

31. jan.

um viðbótarákvæði við samning milli Íslands og Stóra-Bretlands 25. október 1938 um framsal sakamanna, sem komizt hafa undan, og birtur er í A-deild Stjórnartíðindanna með auglýsingu nr. 43 14. júlí 1939.

Í framhaldi af auglýsingu frá 12. október 1939 tilkynnist hér með, að samkvæmt tilkynningu í erindi brezka sendiráðsins í Kaupmannahöfn, dags. 27. nóvember 1939, hefir Hans hátign konungur Stóra-Bretlands, Írlands og brezku sjálfstjórnarríkjanna í öðrum heimsálfum, keisari Indlands, samkv. 3. grein samningsins, sem undirritaður var í London 25. október 1938, um framsal sakamanna, sem komizt hafa undan, ákveðið, að samningurinn skuli taka til sjálfstjórnarríkisins Nýja Sjálands, ásamt umboðsríkinu Western Samoa.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Forsætisráðuneytið, utanríkismáladeild, 31. janúar 1940.

Stefán Jóh. Stefánsson.